

Fjallskilanevnd Fellsstrandar, fundur haldinn að Lyngbrekku sunnudaginn 11. ágúst 2024

Á fundinn eru mætt Sigurður Björgvin Hansson, formaður, Sæpór Sindri Kristinsson og Sigrún Hanna Sigurðardóttir sem einnig ritar fundargerð.

Farið var yfir fjártölur á svæðinu, fækkað hefur um 334 ær frá fyrra ári. Ákveðið var að fækka um eitt dagsverk í Skerðingsstaðarrétt sökum fækkunar síðustu ára.

Rætt var hvernig mætti hagræða smölun innan deildarinnar og ákveðið að færa Dagverðarnes og Efri-Langey af fyrstu helginni en þess í stað smala Tunguskóginn og Sorturnar 31. ágúst.

Mesta hagræðingin væri þó að Klofningur og Suðurfjall á Skarðsströnd væri smalað sama daginn. Formaður ætlar að ræða við formann fjallskilanevndar á Skarðsströnd með frekara samstarf milli deilda.

Fleira ekki gert.